

FORSÆTISNEFND

Ár 2024, föstudaginn 7. júní, var haldinn 343. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:06. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Líf Magneudóttir Magnea Gná Jónansdóttir. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Andrea Helgadóttir og Helga Þórðardóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Alexandra Briem, Marta Guðjónsdóttir og Skúli Helgason. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 7. maí 2024. Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárlíðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:
 - Umræða um framtíðarskipulag skóla í Laugardal
 - Umræða um greiðsluferfi strætófargjalda gagnvart öryrkjum (að beiðni borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands)
 - Tillaga Flokks fólksins um sviðsmynd 1 við framtíðaruppbyggingu skólastarfs í Laugardal
 - Umræða um gjaldskyld bílastæði í Reykjavík (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)
 - Umræða um starfsaðstæður leik- og grunnskólakennara (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins) MSS24010053
- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. júní 2024, varðandi fundadagatali borgarstjórnar og forsætisnefndar frá júlí 2024 til og með júní 2025. Vísad til borgarstjórnar. MSS23010287
- Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 5. júní 2024, varðandi veikindaleyfi Trausta Breiðfjörð Magnússonar. MSS22090101
- Lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. apríl 2024, varðandi samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík, sbr. 7. lið fundargerð borgarstjórnar frá 23. apríl 2024. Vísad til borgarstjórnar. HER24010001
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 30. maí 2024, varðandi þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum. Erindið er samþykkt. Harpa Sif Eyjólfsdóttir og Kamma Thordarson taka sæti á fundinum undir þessum lið. MSS24020170
- Áheyrnarfulltrú Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að greinargerðir með málum flokkanna séu gerð skýrari skil í fundargerðum. Lagt er til að ávallt sé sérstakur hlekkur inn á greinargerðina sjálfa þar sem hún er aldrei að fullu birt í fundargerð. Einnig sé sá hlekkur undir „fylgiskjöl“ sem öllu jafna er merktur „tillaga eða fyrirspurn“ merktur „tillaga x ásamt greinargerð“ og undir þeim hlekk megi sjá tillöguna ásamt greinargerð sem fylgir.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. MSS24060029

Fundi slitið kl. 10:42

Líf Magneudóttir
Marta Guðjónsdóttir

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Magnea Gná Jóhannsdóttir
Skúli Helgason